



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Ríki og saga

Önnur sýn á Íslandssögu

Ritgerð til B.A.-prófs.

Herbert Snorrason
Maí 2010

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Ríki og saga
Önnur sýn á Íslandssögu

Ritgerð til B.A.-prófs

Herbert Snorrason

Kt.: 181085-2909

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Maí 2010

ÁGRIP

Ritgerð þessi fjallar um kenningu um ríkisvald, greiningu Íslandssögu í ljósi hennar, og það sem sú greining getur sagt okkur um íslenskt stjórn málaumhverfi í upphafi 20. aldar. Byggt er á útvíkkun á greiningarlíkani Karls Marx, þar sem stuðst er við fjóra meginflokka í stað þriggja. Út frá þessu líkani er síðan leitast við að skýra á almennan hátt, með hliðsjón af fyrri rannsóknum á sviðinu, hvernig þróun ríkisvalds hefur gengið fyrir sig í Evrópu. Í kjölfarið er greiningarlíkaninu beitt á tvo kafla úr sögu Íslands, annars vegar tilkomu ríkisvalds yfir Íslandi á Sturlungaöld og hinsvegar tilkomu innlands framkvæmdavalds í kjölfar valtýskunnar um aldamót 19. og 20. alda. Að endingu er fjallað stuttlega um möguleg áhrif anarkista á Íslandi í upphafi 20. aldar, ásamt hugsanlegum skýringum á því hvers vegna lítið var um þau og að lítið hefur verið fjallað um þau.

© Herbert Snorrason 2010.

Ritgerð þessari er dreift undir skilmálum Creative Commons Attribution Share-Alike leyfisins, útgáfu 3 eða síðari. Upplýsingar um skilmála þess má finna á slóðinni <http://creativecommons.org/licenses/by-sa/3.0/>



Efnisyfirlit

Inngangur & aðferð	v
1 Rissa að kenningu um ríkisvald	1
1.1 Ríki og samfélag	2
1.2 Tilurð ríkisins og grunnur	4
1.3 Þróun ríkisins	6
1.4 Ríki og þjóð	8
2 Íslenskt ríkisvald	11
2.1 Frá þjóðveldi til ríkis	11
2.2 Sjálfstæði?	13
3 Sjálfhelda stjórnmalanna	19
3.1 Samherjar eða andstæðingar?	20
3.2 Anarkistaleysi	21
4 Samantekt	25
4.1 Um ríkisvald	25
4.2 Um þróun íslenska ríkisins	26
4.3 Um stjórnleysingjaskort	27

Inngangur & aðferð

Íslenskur anarkismi á fyrri hluta 20. aldar er viðfangsefni sem lítið hefur verið skoðað. Það var upphaflega ætlun mín að leggja eitthvað af mörkum til að bæta úr því. Ég vildi því leita uppi *hvers vegna* áhrif stjórnleysingja voru svo lítil héraðs sem raun ber vitni.¹

Mér virtist að ástæðunnar væri líkast til að leita í stjórn málaáðstæðum á Íslandi, áðstæðum sem hefur lengi verið gengist við að væru um margt óvenjulegar. Það er hinsvegar erfitt að gera sér grein fyrir því hvað er óvenjulegt á Íslandi, nema í ljósi einhverrar almennrar hugmyndar um það hvernig stjórnkerfi landanna í kring – eða jafnvel stjórnkerfi almennt – þróuðust á sama tíma. Ég komst því að þeirri niðurstöðu að áður en ég gæti hafist handa við að útskýra hvers vegna stjórnleysingja virðist hvergi að finna á Íslandi fyrr en á síðustu árum, yrði ég að gera grein fyrir því hvernig mér virðist ríkisvald, bæði almennt og sérstök þess á Íslandi, þróast í gegnum söguna.

Ég valdi að gera það. Rissan sem hér fylgir er að miklu leyti samsuða mín á hugmyndum úr ýmsum áttum, en að stofninum til tel ég óhætt að fullyrða að hún sé anarkísk kenning um ríkisvald. Þó ekki sé beinlínis vísað til þeirra, aðallega því verkin sem stuðst er við taka mun skilmerkilegar á viðfangsefninu, eru áhrif hugsuða á borð við Mikhail Bakunin, Pjotr Kropotkin, Errico Malatesta og Rudolf Rocker á þessa sýn allveruleg. Áhersla þeirra á mikilvægi þess að skoða ríkið sem sjálfstæðan þátttakenda í frásögninni og á mikilvægi ríkisvaldsins í því að viðhalda ríkjandi fyrirkomulagi mynda grundvöllinn undir kenninguna sem hér er lögð fram. Hér er þó ekki lögð fram heildarkenning, heldur aðeins dregin fram þau meginatriði sem þarf til að gera grein fyrir tilurð íslenska ríkisvaldsins.

Það er einmitt í þeirri greinargerð sem ég tel vera aðra sýn á Íslandssöguna. Íslensk sagnaritun er upprunnin hjá menntamönnum sem háðu hatramma pólitíska deilu, og því er ekki að undra að viðtekin íslensk söguskoðun hafi lengi litast af þjóðerniskennnd. Meðal greinilegri einkenna þess er tilhneigingin til að líta svo

¹Að áhrifin hafi verið lítil hefur verið viðtekinn sannleikur í gegnum tíðina. Nánari athugun leiðir þó í ljós að þau kunni að hafa verið meiri en virðist í fyrstu, og tvær námsritgerðir sem hér er vísað til renna stoðum undir það. Herbert Snorrason, „Guðjón Baldvinsson” & Vilhelm Vilhelmsson, „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar””.

á að sögu Íslands sé réttast – óhjákvæmilegt, jafnvel – að segja í einni heild, sögu íslenskrar þjóðar. Það er íslenska þjóðin sem þjáist vegna ósamngjarnra IceSave-samninga; það var íslenska þjóðin sem sóttist eftir frelsi undan oki danskrar kúgunar; það var íslenska þjóðin sem var svikin undir norskt ok. Sagan sem ég segi; nei, sagan sem ég sé er af öðru tagi. Það er saga ráðamanna og ræningja sem öðru hvoru deila innbyrðis, en standa sameinaðir gegn meginþorra fólks; saga samfélags sem í reynd er margskipt og flókið, en er kynnt sem einsleitt og sameinað, jafnvel fyrir sjálfu sér. Það er saga ólíkra hópa sem eiga enga sjálfgefna samstöðu; saga þar sem eitt íslenskt ríki og ein íslensk þjóð er engu sjálfgefna-ari niðurstaða en eitt samnorrænt ríki, eða sjálfstæðir landsfjórðungar. Sagan sem ég sé er saga þar sem það skiptir litlu máli hvernig ætlunin er að beita ríkisvaldinu, því það hefur eigin hagsmuni og eigin starfshætti. Levíatan hlýðir ekki hvaða skipun sem er.

Í dag er almennt viðurkennt að stjórnmalasaga gefi engan veginn fullnægjandi mynd af samfélaginu. En staðreyndin er sú að saga afskipta af ríkisvaldinu gefur heldur engan veginn fullnægjandi mynd af stjórnmalunum. Þannig hefur áherslan á stjórnmalabaráttu Alþýðuflokks og Framsóknarflokks varpað beinum áhrifum verkalýðsfélaga og samvinnufélaga í skuggann. Stofnun Alþýðuflokks á sama tíma og Alþýðusambands hefur blindað menn fyrir þeirri staðreynd að íslensk verkalýðshreyfing varð til á tímabili þegar syndikalistar voru ráðandi afl víðast í Evrópu – á áratugnum fyrir stofnun flokksins. Það vekur upp áhugaverða spurningu: Hvers vegna er illgerlegt að sjá áhrif þeirra – og hvers vegna virðist enginn hafa velt því fyrir sér áður?

Forsendur fræðimanna eru ólíkar, og það hefur áhrif á þær spurningar sem leita á þá. Til að öruggt sé að spurningarnar skiljist, er nauðsynlegt að forsendurnar að baki þeim séu skýrar lesandanum. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir séu um beitingu kenninga í sagnfræði, sér í lagi víðtækra þróunarlíka fyrir samfélagsgerð eða stjórnskipan líkt og hér er um að ræða, er ótvírætt að engin leið er betri til að setja forsendur verks fram á skýran hátt. Eins og kemur fram hér að ofan ákvað ég að gera grein fyrir sýn minni á þróun og eðli ríkisvalds til þess að geta varpað ljósi á sérstöðu Íslands, hvað varðar stjórnmaluumhverfi. Fyrsti kafli þessarar ritgerðar fjallar um þessa sýn, og lýsir nokkrum kenningum sem byggt er á. Annar kafli skoðar svo valda þætti úr Íslandssögunni í ljósi þessarar kenningar, annars vegar þá atburði sem marka upphaf ríkisvalds yfir Íslandi og hinsvegar upphaf ríkisvalds á Íslandi. Þriðji kafli fjallar loks um efnið sem var upphafleg ætlun mín að tala um: Af hverju stjórnleysingar virðast ekki hafa haft nein teljandi áhrif á Íslandi á fyrstu þrem áratugum 20. aldar eða svo.

Kaflí 1

Rissa að kenningu um ríkisvald

Margar kenningar hafa verið settar fram um eðli og uppruna ríkisvaldsins. Í grófum dráttum má skipta þessum kenningum í tvo flokka: Annars vegar eru kenningar sem gera ráð fyrir að hlutverk ríkisins sé að vernda þegna sína;¹ hins vegar kenningar sem telja ríkið verkfæri valdsmanna til að tryggja stöðu sína.² Augljóst er að þessar kenningar eru ekki samrýmanlegar hvor við aðra, heldur verður að velja á milli þeirra. Svipað gildir um annað sett af skyldum kenningum; það er, kenningum um eðli þjóðernishyggju og þjóðríkisins. Hér er um að ræða spurninguna um það hvort þjóð skapi sér ríki, eða hvort ríkið skapi þjóðina. Þessi síðari spurning hefur vakið nokkra umræðu á undanförunum árum, og hafa svokallaðir *móðernistar* farið mikinn í gagnrýni sinni á forsendur þjóðernishyggjunnar. Augljóslega er einhverskonar víxlverkun í gangi, en eftir stendur að óumflýjanlegt er að álykta að önnur hvor áttin sé ráðandi.

Orðaforði íslensku um þessi málefni er heldur fátæklegur, en hér skiptir sérstaklega máli að ekki er gerður greinarmunur á þjóð í merkingunni „hópur fólks af sameiginlegum uppruna” og í merkingunni „hópur fólks með skynjaða samstöðu”. Í þýsku er hér munurinn á *Volk* og *Nation*, í ensku *people* og *nation*. Þessi munur skiptir hinsvegar miklu í þeirri kenningu sem hér verður lögð fram, bæði hvað varðar þróun ríkisins og hlutverk þjóðernishyggju, og ég mun því reyna að nota orðið *þjóðflokkur* um hið fyrra en *þjóð* um hið síðara. Óþægileg líkindi orðanna vona ég að afsakist, en svipað má finna í orðaparinu *lýðræði* og *lýðveldi* sem á sér þó sterka hefð í íslensku máli.

Viðfangsefni þessa kafla er að gera grein fyrir þeirri kenningu um uppruna, hlutverk og eðli ríkisvaldsins sem höfundur virðist vænlegust. Í henni er einnig reynt að gera sem skýrasta grein fyrir þjóðernishyggju, enda er samkvæmt henni

¹Hér má nefna kenningar um samfélagssáttmálann, meðal annars hjá Jean-Jacques Rousseau og Thomas Hobbes.

²Hér má benda á hugmyndir Karls Marx og annarra sósíalista.

ógjörningur að greina milli ríkis og þeirrar þjóðar sem því tilheyrir.

1.1 Ríki og samfélag

Samfélag er samansafn fólks sem hefur eða telur sig hafa marghliða, fjölþætt samskipti. *Ríki* er stofnun eða samansafn stofnana sem gerir árangursríkt tilkall til einokunar á valdbeitingu á tilteknu landsvæði.³ Þessi hugtök eru óskyld, en þau má sameina með því þriðja: *Þjóð* er (ímyndað) samfélag þess fólks sem heyrir undir valdsvæði ríkis, og tekur þátt í starfsemi þess.⁴ Eins og áður getur eru tvær mögulegar orsakaskýringar á þessum tengslum hugtakanna. Sú fyrri er að samfélag taki sig saman og ákveði að veita ákveðnum aðila einkarétt til þess að beita ofbeldi innan þess samfélags. Með þessum hætti verður til ríkisvald, og samfélagið sem það spratt upp úr er óhjákvæmilega þjóð þess. Hér sjáum við tengslin milli kenninga um samfélagssáttmálann og hefðbundinnar þjóðernishyggiu: Ríkið er afsprengi sameiginlegra hagsmuna þegna þess, og þar sem hver þjóð á sameiginlega hagsmuni er eðlilegt að hver þjóð eigi sér ríki.

Síðari skýringin er sú að afmarkaður hópur – annað hvort innan samfélags eða úr utanaðkomandi samfélagi – taki sér valdbeitingarréttinn, og verði þannig að ríkisvaldinu. Þessi hópur, þessi stofnun, mótast síðan það samfélag eða þau samfélög sem undir hana heyrir. Þannig þróast þjóðin hægt og rólega í einskona-samlífi við ríkisvaldið. Hér má aftur sjá tengsl milli ríkiskenningarinnar og skilnings á þjóðernishyggiu: Ríki sem ekki er sprottið af almennu samþykki þjóðar þarf að beita sér fyrir því að þegnar þess skynji sig sem hluta af ríkisheildinni, og skapar þannig þjóðina. Þetta verður enn greinilegra þegar við gerum okkur grein fyrir því að nútímaríkið, lýðveldi með ópersónubundnu valdi, er það fyrsta sem byggir af algjörri nauðsyn á samheldni og samþykki þegnanna. Þannig verður skiljanlegt að þjóðernishyggi verði ekki áberandi fyrr en um það leyti sem fyrstu fullmótuðu nútímaríkin stíga fram á sjónarsviðið.

Þessar kenningar um *uppruna* ríkisins eru afar ólíkar, en ekki alfarið ósamrýmanlegar. Við megum ekki gleyma því að heilstæð kenning um ríkisvald verður einnig að taka tillit til *hlutverks* ríkisins, *eðlis* þess og *þróunar*. Þessir þættir valda því að ríki breytist óhjákvæmilega í sjálfstæðan þátt innan samfélagsins, sem á sér eigin hagsmuni sem geta verið frábrugðnir og jafnvel andstæðir hags-

³Sbr. „Staat ist diejenige menschliche Gemeinschaft, welche innerhalb eines bestimmten Gebietes – dies: das „Gebiet“, gehört zum Merkmal – das *Monopol legitimer physischer Gewaltsamkeit* für sich (mit Erfolg) beansprucht.“ — Max Weber, *Politik als Beruf*, bls. 4. Upprunaleg áhersla.

⁴Orðið *ímyndað* er hér notað í sömu merkingu og í *Imagined Communities* eftir Benedict Anderson: Sjálfsmynd viðkomandi hóps er sú að hópurinn hafi stöðug og fjölliða samskipti, en í reynd er hann svo stór að slíkt er ómögulegt. Hugmyndin um samfélagið er hinsvegar raunveruleg, og hefur *veruleg* áhrif á umheiminn.

munum samfélagsins í heild. Hvernig?

Hlutverk ríkisins er að hindra að aðilar sem ekki hafa til þess blessun ríkisins beiti aðila á valdasvæði þess ofbeldi, hvort sem ofbeldisbeitandinn kemur innan þess svæðis eða utan. Til að gera þetta er ríkinu nauðsynlegt að koma sér upp a.m.k. einhverjum hópi sem ekki þarf að sinna framleiðslustörfum; það er, til að ríki geti verið til er nauðsynlegt að einhverjir geti séð sér farborða án þess að framleiða fyrir eigin þörfum, hvort heldur er beint eða óbeint. Til að þetta sé hægt verða framleiðendur samfélagsins að framleiða meira en svo að það fullnægi eigin þörfum, og veita ríkisvaldinu a.m.k. hluta af þessum umframforða. Það getur gerst með tvennum hætti, sem við getum kallað hagrænu og stjórn-rænu leiðirnar.⁵

Hagræna (e. *economic*) leiðin byggist á framleiðsluvinnu og frjálsum viðskiptum. Hér er gert ráð fyrir því að þeir sem leggi stund á framleiðsluvinnu sjái hag sinn í því að fjármagna ríkið, sér til varnar og kjósi því að veita því hlutdeild í umframframleiðslu sinni, hvort heldur er með því að sjá ríkinu fyrir tilteknum varningi eða með einhverskonar peningum.

Stjórn-ræna (e. *political*) leiðin byggist hinsvegar á því að einn aðili beiti valdi til að knýja annan til að veita sér umframframleiðslu sína, sem jafnvel yrði ekki til að öðrum kosti. Þessa leið má dylja með ýmsu móti, en hún kemur engu að síður berlega í ljós þegar kemur að skattheimtu í flestum ríkjum: Borgirðu ekki skatta er valdstjórninni beitt til að knýja fram greiðslu, hvort heldur er í fríðu eða fjármunum.

Ákveðin einkenni ríkisvaldsins leiða til þess að ómögulegt er að stofna til þess með hagrænu aðferðinni.⁶ Lykilatriðin hér eru tvö: Ríkið fer með *einokun* á valdbeitingu yfir *afmörkuðu svæði*. Til að falla að þeirri skilgreiningu er því nauðsynlegt að sjá öllum aðilum innan svæðisins fyrir vernd gegn ofbeldi þriðja aðila, óháð því hvort viðkomandi leggi til stuðning eða ekki. Við slíkar aðstæður er það í hag aðila innan svæðisins að leggja *ekki* til stuðning, sem leiðir til þess að ríkið hefur ekki rekstrargrundvöll.⁷ Ríkið getur því ekki aflað sér rekstrarfjár með frjálsum viðskiptum, og neyðist til að beita stjórn-rænu aðferðinni – skattheimtu í krafti valdbeitingar. Ríki sem til verður með samþykki þegnanna, þeim til varnar, verður þannig óaðgreinanlegt frá innrásaraðila sem krefst greiðslna.

⁵Bent er á aðgreininguna sem hér er stuðst við í Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 13-14. Oppenheimer rekur einnig að Marx yfirsást að hér væri aðeins um að ræða tvær leiðir að sama marki, en ekki ólík markmið. Sú glufa skiptir sköpum fyrir kenningar Marx, eins og síðar greinir.

⁶Alan Carter, Franz Oppenheimer og Max Weber ganga allir út frá þessari forsendu í þeim verkum sem hér er vísað í, án þess að rökstyðja hana að fullu.

⁷Michael Taylor, *Community, Anarchy & Liberty*, bls. 39-53, rekur ástæður þessa.

1.2 Tilurð ríkisins og grunnur

Samkvæmt Franz Oppenheimer má rekja tilurð ríkisins í nokkrum meginskrefum, sem tengjast stjórnarháttum og útbreiðslu ríkisvaldsins verulega: Fyrst er um einfaldar ránsferðir þjóðflokka að ræða, þar sem innrásarher eins þjóðflokks fer um hérað annars og rænir og ruplar. Haldi þessar ránsferðir áfram í alllangan tíma leggst andspyrna við innrásarherinn á endanum af, og innrásarherinn hlífir þeim sem ekki berjast á móti, og lætur sér nægja að hirða umframframleiðslu þeirra. Á þriðja stiginu leggjast ferðir hersins af, en þess í stað er ræningjaþjóðflokknum reglulega færður skerfur af umframframleiðslunni. Á fjórða stiginu tekur hann upp fasta búsetu á sama landsvæði og þegnarnir. Það fimmta tekur svo við þegar yfirstéttin tekur að sér að útkljá deilur á svæðinu – dómsvald – í því skyni að tryggja tekjur sínar. Lokaskrefið felst svo í samruna hópanna tveggja, þannig að ógjörningur verður að greina uppruna einstaklinga eftir þjóðflokki. Stéttskipting hættir að byggjast á ætterni, og verður að félagslegu atriði.⁸ Ekki falla öll ríki til fulls að þessari mynd, og segja má að í sértílvikum hefjist ferlið á fjórða skrefinu – það er, í þeim tilvikum þar sem ríkið verður til með almennu samþykki.⁹ Í öðrum tilvikum stekkur ræningjaþjóðflokkurinn yfir þriðja stigið. Þessi minniháttar frávik skipta þó ekki máli; afleiðingin er sú sama: Ríkið, samkvæmt þeirri skilgreiningu sem við styðjumst við, verður til á fimmta skrefinu, þegar það fer að beita valdi sínu til að hafa stjórn á innri málefnum samfélagsins. Frá þeim punkti er þróun áfram á sjötta skrefið óhjákvæmileg, eins og síðar verður rakið.

En hvernig *virkar* ríkið? Söguskoðun Karls Marx byggir á ákveðinni skýringu á virkni ríkisvaldsins, sem er nokkuð vel þekkt: Ríkið er verkfæri yfirstéttarinnar til að stjórna undirstéttinni. Það er hluti af einskonar „yfirbyggingu” samfélagsins, stjórnrænum og hagrænum tengslum, sem ráðast af undirbyggingu þess, sem eru hagrænu öflin. Samkvæmt þessari kenningu fylgir form ríkisvaldsins kröfum þeirra framleiðsluáferða sem eru ríkjandi í samfélaginu á hverjum tíma.¹⁰

Í þessari kenningu Marx er að finna gríðarstóra glufu. Þó svo að Marx skeri tvær línur í samfélagið, annars vegar milli *tengsla* og *afla* en hins vegar á milli *stjórnræna* geirans og *hagræna* geirans, inniheldur líkan hans aðeins þrjá búta: Stjórnræn tengsl, hagræn tengsl og hagræn öfl.¹¹ Samkvæmt orsakaskýringu

⁸Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 29-42.

⁹Efast má um tilvist þeirra utan tilvika þar sem samfélag stóð frammi fyrir hernaðarlegri ógn frá öðru ríki, en hér skal tekið sem gefið að slíkt geti gerst.

¹⁰Samantektir á þessari kenningu má finna í nær öllum verkum sem fjalla um hugmyndir Marx. Hér var stuðst við útlistun Alan Carter, “Analytical Anarchism” á endurframsetningu Gerald Cohen á söguskýringu Marx á bls. 233-237.

¹¹Stjórnræn tengsl eru lög, félagsvenjur, og annað slíkt sem snýr að lögmæti samfélagsgerðar-

Marx stjórna svo hagrænu öflin báðum hinum. Hér vantar fjórða bútinn, sem þó leiðir beint af skiptingunum sem eru gefnar: Stjórnærn öfl. Í skema Marx á vald-stjórnin sér hvergi samastað, heldur birtist hún nánast sem bakþanki; ómerkileg afleiðing efnahagslegs misréttis. En hvar passa hermenn og skriðdrekar inn í kenningu Marx? Varla geta þeir verið hluti af hagrænu öflunum, því þeir treysta hagrænu tengslin, í stað þess að heyra beinlínis undir þau. Og ekki eru þeir hluti af stjórnærnu tengslunum, því þeir eru alveg jafn háðir lögum og reglum eins og hagrænu öflin. Nei – rétt eins og verkamenn og verksmiðjur heyra til hagrænu aflanna hljóta hermenn og skriðdrekar að heyra til þeirra stjórnærnu.¹²

Þessi viðbót við kenningakerfi Marx snýr því að vissu marki á hvolf: Í stað þess að útskýra lagakerfið og stjórnarhætti út frá óljósum hagsmunum framleiðslutækjanna – þ.e., að yfirbygging samfélagsins sækir í það mót sem beitir hagrænu öflunum á sem hagkvæmastan hátt – er hægt að skýra allt kerfið með samspili hagsmuna þeirra sem fara fyrir stjórnærnu og hagrænu öflunum. Aðilar innan ríkisins leitast við að tryggja stöðu sína, og það eru því sameiginlegir hagsmunir allra innan ríkisins að treysta (eða auka) tekjur þess. Þar sem ríkið þrífst, eins og áður greinir, á umframframleiðslu samfélagsins er það í þess hag að auka þessa umframframleiðslu. Á sama tíma þarfnast hagræna yfirstéttin stuðnings stjórnærnu aflanna til að viðhalda ríkjandi kerfi, sem þýðir að það eru hagsmunir hennar að halda stjórnærnu yfirstéttinni sáttri. Öfugt við Marx, sem gerir hagrænu öflin að akkerinu í kerfi sínu, látum við stjórnærnu öflin vera kjölfestu kerfisins.¹³ En við látum ekki staðar numið þar: Marx gerði eingöngu grein fyrir andstöðu milli stétta innan þjóðar; kenningar hans útskýra ekki af hverju ólíkar stéttir standa saman gegn ásókn annarra ríkja.¹⁴ Það getum við hinsvegar gert: Markmið stríðs milli ríkja er að eyða stjórnærnum öflum andstæðingsins, sem gerir sigurvegaranum kleift að hirða allt sem eftir situr.¹⁵ Þetta er augljóslega andstætt hagsmunum yfirstéttanna, sem byggja stöðu sína á yfirráðum sínum yfir stjórnærnu öflunum. Sömuleiðis kemur það sér illa fyrir stjórnærnu öflin sem verða beint fyrir árásunum og hagrænu öflin sem þurfa að bæta upp allt heila tjónið.¹⁶

Rétt er að vekja sérstaklega athygli á því að þrátt fyrir að þessi kenning leggi

innar. Hagræn tengsl eru afstaða þeirra sem starfa við framleiðslu til framleiðslutækjanna; þ.e., hvernig stjórnun hagrænu aflanna er háttáð. Hagræn öfl eru framleiðslutæki og tækni ásamt vinnuafla verkamanna.

¹² Alan Carter, “Analytical Anarchism”, bls. 234-235

¹³ Alan Carter, “Analytical Anarchism”, bls. 240-247.

¹⁴ Carter bendir á þetta í “Analytical Anarchism”, bls. 237-238; Anderson í *Imagined Communities*, bls. 3-4.

¹⁵ Hér má sérstaklega benda á Carl von Clausewitz, *Vom Kriege* (prentað í *Hinterlassene Werke*), bls. 3-4.

¹⁶ Franz Oppenheimer, *The State* kemur stuttlega inn á þetta efni á bls. 58; sömuleiðis Alan Carter, “Analytical Anarchism”, bls. 238-239.

skýringar sínar fram á grundvelli hópa og fyrirætlana þeirra er hvergi gert ráð fyrir því að ætlun hóps sé óháð ætlunum einstaklinga innan hópsins, og hvergi er gert ráð fyrir því að hópur sé samstæður vegna nokkurs annars en gagnkvæmra hagsmunatengsla einstaklinganna sem mynda hann. Lítil vandi er að leita uppi skiptingar og hagsmunaárekstra innan ýmissa þeirra hópa sem hér eru tilgreindir – og verða nokkur dæmi um slíkt tilfærð síðar.¹⁷ Tilvist þessara innanríkisátaka grefur hinsvegar ekki undan líkaninu í heild; þvert á móti gera þau því kleift að útskýra breytingar á formi ríkisvaldsins.

1.3 Þróun ríkisins

Eins og gefið er í skyn hér að ofan er líkanið sem þar er lýst ekki statískt; þ.e. það lýsir ekki aðeins tilteknu ríkisfyrirkomulagi. Með því að skoða hvernig hagsmunir þessara fjögurra þátta samfélagsins, og undirhópa þeirra, víxlverka hver við annan er hægt að gera grein fyrir því hvernig og hvers vegna fyrirkomulagið breytist. Síðar verður líkaninu beitt til að gera sértæka grein fyrir ákveðnum atriðum í þróun íslenska ríkisins, en vert er að benda á nokkur almenn einkenni fyrst. Það ætti einnig að hjálpa okkur að skilja það betur.

Hlutverk ríkisins er að fleyta rjómann af vinnu þeirra sem starfa í hagræna geiranum. Beita þarf misjöfnum aðferðum til þess, eftir því hvort mestmegnis er um að ræða föst auðæfi – jarðnæði – eða færanleg – verslunarvarning. Á fyrri skrefum þróunar ríkisvaldsins má að verulegu leyti flokka ríki eftir því hvor þessara gerða er ríkjandi. Franz Oppenheimer styðst við þessa skiptingu. Hann kallar ríki sem byggja á jarðnæði landríki, en þau sem byggja á verslunarvarningi nefnir hann sjóríki. Hann rekur svo þróun hvors fyrir sig sérstaklega.¹⁸ Við höfum aðallega áhuga á þróun landríkisins, en svo að segja öll nútímaríki byggja sterklega á grundvelli þess.

Fyrsta atriðið sem við höfum áhuga á að skoða er tilhneiging landríkisins til að mynda lénskerfi, og tilhneiging slíkra lénskerfa til að sveiflast á milli miðstýringar og valddreifingar. Ástæðurnar fyrir þessu fyrirkomulagi eru frekar einfaldar: Yfirstétt landríkisins byggir á landareignum sínum, og innheimtir skatt sinn í fríðu. Sá varningur liggur hinsvegar undir skemmdum ef hans er ekki neytt fljótlega, sem þýðir að ekki er hægt að koma á fót sterkri miðstjórn.¹⁹ Valdstjórn-

¹⁷Þó er rétt að benda á að stjórnmalaflokkar samtímans eru jafnan skipaðir ólíkum hagsmunahópum í stjórnærnu yfirstéttinni. Einnig má oft finna ólíka hagsmuni misjafna hluta hagrænu aflanna; þar mætti sérstaklega benda á misjafna hagsmuni bænda, verksmiðjufólks og fiskimanna.

¹⁸Franz Oppenheimer, *The State*. Þriðji kafli fjallar um uppruna landríkja en fjórði um sjóríki.

¹⁹Miðvaldinu er, nánar tiltekið, ekki kleift að byggja vald sitt á yfirráðum yfir úthlutun skattfjár, líkt og tíðkast þar sem peningar eru notaðir.

in byggist því ekki upp í kringum vel skilgreinda miðju, heldur í kringum nokkra valdastólpa sem verða að léns herrum. Innbyrðis afstaða þeirra getur verið misjöfn, en snýst meira um virðingarröð en nokkuð annað. Jafnvel þó krúna sé til staðar er konungurinn sjaldan meira en fremstur jafningja, og á meðan skattar eru innheimtir í fríðu er hann háður aðlinum um völd og neyðist til að styrkja stöðu hans með því að framselja að einhverjum hluta stjórn bæði hagrænu og stjórn rænu aflanna.²⁰ Aðalsmennirnir, sem fara hver um sig fyrir sjálfstæðum „armi” valdstjórnarinnar, leitast við að eigna sér sem mest yfirráð, og þess vegna verða ryskingar og átök milli prinsar eða fursta þar sem þeir reyna að taka yfir valdsvæði hinna. Með þessu móti þjappast valdið á hendur eins aðila – jafnvel þar sem enginn kóngur var fyrir – sem úthlutar síðan undirsátum sínum landi, stöðu og völdum til að verjast ásókn annarra. Meðal þeirra hefst svo sami leikurinn á ný.²¹

Á meðan þessu ferli stendur gengur stéttskipting í samfélaginu í gegnum ákveðnar kerfisbreytingar. Eins og minnst var á hér að ofan er óhætt að ganga út frá því að þegar ferlið hefst sé um að ræða efri stétt og lægri stétt sem fólk tilheyrir fyrst og fremst af ætterni, þ.e., að uppruni fólks ráði því hvort það tilheyrir yfir- eða undirstétt. Þetta breytist hinsvegar þegar átök aðalsins brjótast út: Til að byrja með aðgreinist gamla yfirstéttin í tvo flokka, aðal og „frjálsa menn”. Innanbúðarátök aðalsins leiða síðan til þess að frjálsu mennirnir neyðast til að gerast undirsátar einhvers aðalsmannsins, og félagsleg staða þeirra sekkur þannig niður. Gamla undirstéttin kemur aðlinum hinsvegar að gagni sem uppspretta svokallaðra „nýrra manna”; manna sem eiga allt sitt undir því að styrkja stöðu léns herrans sem þeir þjóna og eiga ekkert sjálfstætt tilkall til valda. Þessir nýju menn standa þannig jafnfætis hinum fyrrum frjálsu mönnum, og sú blanda myndar næsta aðalsmannahóp. Með þessu móti verður ómögulegt að tengja stétt og ætterni saman á sömu forsendum og áður.²²

Þetta ferli, og sú sífellda endurstokkun á stjórn rænu tengslunum sem það felur í sér, orsakast fyrst og fremst af því hversu lauslega samtengdir hagsmunir misjafnra aðila innan ríkisvaldsins eru bundnir saman. Ein nýjung, framar öllum öðrum, varð til þess að raska þessu mynstri og binda hagsmuni ríkisvaldsins þéttar saman. Þessi nýjung gerði agaða miðstjórn alls ríkisins, þar sem öll valdstjórnin er sameinuð undir forystu eins aðila, mögulega. Hér er að sjálfsögðu um að ræða peningaviðskipti.

Eftir að peningar eru komnir til sögunnar er miðstjórnin ekki knúin til þess að styðja undirsáta sína með *sjálfstæðum* auði og her. Þannig hættir það að vera óhjákvæmilegt að einstakir aðalsmenn taki yfir hluta ríkjanna, og miðvaldið –

²⁰Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 96-98.

²¹Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 103-105.

²²Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 109-119.

kóngarnir – styrkir stöðu sína gríðarlega.²³ Með þessum hætti kemur loks til sögunnar einkenni á ríkisvaldi nútímans, sem ekki var til staðar áður (og við teljum *ekki* til skilgreiningar ríkisvalds): Það verður óháð *persónu* valdhafanna, og tengist *embætti* þeirra. Þannig verður þegnum konungs – hópur sem aðallinn tilheyrir nú einnig – ómögulegt að kljúfa sig undan valdi hans með sama hætti og áður tíðkaðist.

Þetta gerist þannig að krúnan útrýmir öðrum miðstöðvum *stjórn*ræns valds, og byggir upp einveldi sitt. Þannig myndast aðgreining milli hagrænu og stjórn-rænu yfirstéttanna, sem ekki var skýr áður. Aðallinn, sem áður hafði fengið vald-beitingarrétt og yfirráð yfir stjórn-rænu öflunum sem persónulega eign, heldur aðeins eftir hagrænu eignunum.²⁴ Atriðin sem áður hefðu knúið krúnuna til að styrkja „nýja menn“ í hópi aðsalsins og undirrita þar með eigin dauðadóm verða nú til þess að skapa sérmenntaða stétt skriffinna sem tekur að sér stjórn-rænu tengslin.²⁵ Þetta bjargræði krúnunnar reyndist þó aðeins tímabundið, því í ljós kom að hagsmunir skrifinnanna gátu einnig verið breytilegir.

1.4 Ríki og þjóð

Eins og áður var lauslega minnst á eru uppi afar ólíkar hugmyndir um samband ríkis og þjóðar. Ekki hefur tíðkast að tengja þessar mismunandi hugmyndir beinlínis við ólíkar kenningar um ríkisvaldið; langtum algengara er að gengið sé út frá tiltekinni kenningu um ríkisvald þegar þjóðernishyggja er rædd, en út frá tiltekinni kenningu um þjóðerni þegar kenningar um ríkisvald eru ræddar.²⁶ Ég held því hér fram að útilokað sé að skilja þjóðernishyggju sem almennt fyrirbæri án þess að skoða á sama tíma ríkisvaldið.

Benedict Anderson skoðar, í *Imagined Communities*, uppruna nútímaþjóðernishyggju og kemst að óvenjulegri niðurstöðu: Uppruna þjóðríkisins er ekki að finna í Frakklandi byltingarinnar, heldur í Ameríku nýlendutímans.²⁷ Tvö einkenni á þessum fyrstu þjóðríkjum heims vekja strax athygli: Tungumálið aðgreinir þau ekki frá nýlenduheranum, og frelsishreyfingin er ekki hugsuð sem fjöldahreyfing almennings. Þvert á móti er strax við fyrstu sýn um að ræða hreinræktaða hagsmunabaráttu *yfirstéttar* nýlendnanna þar sem lægra settir herforingjar, kaupmenn, lögfræðingar og embættismenn í samstarfi við eigendur stór-

²³Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 133.

²⁴Max Weber minnst stuttlega á þetta ferli, sjá *Politik als Beruf*, bls. 7-10. Hann virðist þó ekki sjá tenginguna við peningahagkerfið og bókhaldsbrellurnar sem það gerir mögulegt.

²⁵Max Weber, *Politik als Beruf*, bls. 16-19; Franz Oppenheimer, *The State*, bls. 139, 144-147.

²⁶Bæði Benedict Anderson, *Imagined Communities* og Alan Carter “Analytical Anarchism” beita þessari aðferð.

²⁷Sjá Benedict Anderson, *Imagined Communities*, bls. xiii: “It had been part of my original plan to stress the New World origins of nationalism.”

jarða háðu skarpa baráttu við fulltrúa „gamla landsins” til að treysta völdin í *sínum* höndum.²⁸ Til að útskýra þetta fyrirbæri vekur Anderson athygli á því að stjórnskipuleg skipting nýlenduveldanna hafi verið þannig að kreólar²⁹ voru bundnir við upprunanýlendu sína og komust ekki í há embætti utan hennar, hvort heldur á kjarnasvæði nýlenduveldisins eða öðrum nýlendum.³⁰ Með þessum hætti myndast enn á ný glufa á milli mismunandi hluta stjórnraenu yfirstéttarinnar. Hagsmunir yfirstéttanna í nýlendunum eru að varpa af sér yfirvaldi nýlenduherrans, og tryggja þannig stöðu sína til fulls; hagsmunir yfirstéttanna í heimaríkinu eru að halda öllu kerfinu undir sinni stjórn. Hliðstæð þróun átti sér stað í Evrópu, þar sem áframhaldandi þróun skriffinnskunnar gerði mismun málsvæða mikilvægari en áður hafði þekkt. Hér voru það ekki stjórnskipulegar hömlur sem skiptu skriffinnunum sundur, heldur sú einfalda staðreynd að það er erfitt að læra tungumál nógu vel til að nota það sem vinnumál. Þetta skipti ekki máli á meðan meginþorri opinberra skjala var á latínu (sem var áunnið mál fyrir alla), né heldur þegar valdinu var miðlað í gegnum persónuleg tengsl (þar sem notast var við sameiginlegt tungumál á hverju skrefi fyrir sig) — en þegar miðstýrt skriffræðiskerfi sem styðst við *tiltekið* talmál kemur til, skiptir það stjórnkerfinu kröftuglega. Það eru skýrir hagsmunir hvers málhóps fyrir sig að tungumálið sem *hann* notar verði tungumál valdstjórnarinnar.³¹ Til að tryggja sig í sessi þarf ríkisvaldið nýja lögmætingu.

Í því sambandi skiptir höfuðmáli atriði sem áður var bent á: Með vaxandi skrifræði færast grundvöllur ríkisvaldsins frá því að byggja á *persónu fullvaldsins* yfir á *embætti* hans. Þar með verður fullvaldurinn óhlutbundinn; stofnun, en ekki einstaklingur. Þannig getur embættismannakerfið sem einveldið setti á fót tekið yfir hlutverk einvaldsins sjálfs, og jafnvel losað sig við hann.³² Þjóðernishyggi býður upp á aðra lögmætingu fyrir ríkisvaldið, og kom þannig í stað persónulegra hollustubanda og alltumlykjandi trúarsamfélags sem áður myndaði þann ramma um líf fólks sem tekinn var sem sjálfgefinn.³³ Þessi nýi rammi gerði skriffræðiskerfinu kleift að starfa í nafni þjóðarinnar — en þjóðin afmarkaðist af því hverjir heyrðu undir ríkisvaldið.

²⁸Benedict Anderson, *Imagined Communities*, bls. 47-48. Anderson lítur á þetta sem fyrstu bylgju þjóðernishyggi af fjórum.

²⁹Orðið *kreóli* átti upphaflega við um einstakling af hreinum, spænskum ættum sem fæddur var í ameríkunýlendu. Hér er það notað um evrópskættaða nýlendubúa almennt.

³⁰Benedict Anderson, *Imagined Communities*, bls. 56-58.

³¹Benedict Anderson, *Imagined Communities* tekst á við mikilvægi tungumálsins víða; ég vil sérstaklega benda á bls. 76-78, 38-40.

³²Í þessu sambandi er áhugavert að benda á hversu lítil áhrif þjóðernishyggi hafa jafnan verið í Englandi, þar sem þingið náði í reynd stöðu fullvalds undir lok 17. aldar. Stofnunin var *búin* að taka við af einstaklingnum þegar þjóðernisbylgjan skall á Evrópu.

³³Sjá Benedict Anderson, *Imagined Communities*, bls. 11-12.

Kaflí 2

Íslenskt ríkisvald

2.1 Frá þjóðveldi til ríkis

Lítið sem ekkert er til af áreiðanlegum ritheimildum um nokkrar fyrstu aldir Íslandssögunnar. Þjóðveldistíminn frá stofnun Alþingis (sennilega um 930) til valdatöku Noregskonungs (á áratugunum í kringum 1260) er að mestu í hulu, fyrir utan atburðafrásagnir af lokatímabilinu. Þrátt fyrir þetta hafa allnokkrir fræðimenn gert tilraunir til að greina frá stjórnálaheimi þjóðveldisins.¹ Niðurstöður þessara athugana eru, eins og gefur að skilja, jafn misjafnar og þær eru margar, en nokkur meginatriði eru áberandi. Það fyrsta er að stjórnmalaskipulag þjóðveldisins fellur *ekki* að þeirri skilgreiningu sem við höfum gefið okkur á ríkisvaldi: Engin stofnun eða samsafn stofnana hefur *einokunarrétt* á beitingu ofbeldis, og valdsvið þeirra foringja sem helst má finna (goðanna) eru ekki bundin við ákveðin landsvæði. Alvanalegt er að lýsa þessu ástandi með tilvísun í þrískiptingu ríkisvalds, og segja að íslenska þjóðveldið hafi skort sameiginlegt framkvæmdavald.² Í því greiningarlíkani sem hér er stuðst við mætti segja að í þjóðveldinu hafi ekki verið að finna stjórnærn öfl.

Þetta er þó ekki alls kostar rétt. Goðorðum virðist hafa fylgt ákveðinn réttur og skylda – félagslega, ef ekki lagalega – til að hlutast til um deilumál. Goðorð gegndi svipuðu hlutverki og lén erlendis, að um var að ræða persónulega eign valdsmanns sem veitti honum vægi í stjórnskipun – stjórnærnt tæki, sem jafnan var í eigu handhafa. Goðorðsmenn leituðust við að tryggja stöðu sína sem best gagnvart hver öðrum. Þjóðveldið var því afar viðkvæmt fyrir valdamisvægi,

¹Sem dæmi má nefna Jón Viðar Sigurðsson, *Frá goðorðum til ríkja*; Gunnar Karlsson, *Goðamening*; Einar Olgeirsson, *Ættasamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*.

²Sjá t.d. Gunnar Karlsson, *Goðamening*, bls. 143: „Í meginatriðum stenst það að íslenska þjóðveldið hafi verið án sameiginlegs framkvæmdavalds.” Ástæða er til að benda á að þrískipting ríkisvalds er greiningartæki frá 18. öld, og því engu minni tímaskekkja í umfjöllun um þjóðveldistímam en umframframleiðsla og stéttir.

og um leið og það kom upp hófst vítahringur sem leiddi til valdasamþjöppunar. Ýmsar skýringar eru hugsanlegar á því hver kveikjan var: Vera kann að samband hafi verið milli upptöku tíundar, sem rann í hendur kirkjunnar, og aukinna valda aðila tengdra kirkjunnar. Einnig getur verið að góðar samgöngur á tilteknum svæðum hafi auðveldað hæfum mönnum að styrkja stöðu sína. Fleiri kenningar mætti eflaust tína til.³ Burtséð frá því nákvæmlega hvað kom ferlinu af stað er niðurstaða þess dagljós: Á síðustu áratugunum áður en Íslendingar játtu Noregskonungi skatt höfðu íslenskir fyrirmenn háð hatramma baráttu sín á milli um yfirráð yfir ýmsum svæðum á Íslandi.⁴ Á sama tíma var norska ríkið að jafna sig á innbyrðis átökum, og Hákon Hákonarson Noregskonungur leitaði allra leiða til að styrkja stöðu sína.⁵ Keðjan er frekar einföld: Venjulegir frjálsir menn á Íslandi neyðast fyrst til að beygja sig undir vernd stórhöfðingjanna, og fá á sama tíma tækifæri til að komast í fylgdarlið þeirra sem einskonar „nýr menn” í stéttskiptingarferlinu. Þetta ferli fær hinsvegar ekki rými til að ganga til enda á Íslandi, því enginn stórhöfðingjanna hefur mátt til að standa á móti hinum og sameina allt landið undir sinni stjórn. Þeir sætta sig ekki – a.m.k. ekki allir – við þá niðurstöðu, og því leita þeir til öflugs bakhjarls – Noregskonungs. Sá bakhjarl öðlast á endanum forræði yfir öllu landinu, með því að safna undir sig valdastoðum íslensku höfðingjanna og færa þær milli þeirra eftir geðþótta.⁶

Íslenska þjóðveldið byggðist á fyrirkomulagi þar sem stjórnær og hagræn yfirstétt fór saman. Vísbendingar eru um að þessi yfirstétt hafi styrkt stöðu sína verulega á 13. öld og eftir því sem leið á hana. Á þeim tíma verða til og stækka hópar fylgdarmanna, einkaherja sem starfa á vegum einstakra höfðingja. Í þessum hópum var líkast til talsvert um menn sem ekki áttu miklar ættir að baki sér.⁷ Eins og áður greinir er nauðsynlegt, til að unnt sé að halda slíkum mannskap uppi, að ráðstafa umframframleiðslu í samfélaginu. Sú staðreynd að hóparnir stækka bendir til þess að það hlutfall umframframleiðslu sem veitt var til slíkra vopnasveita – stjórnærnu aflanna – hafi farið vaxandi. Mér virðist líklegt að ástæða þess hafi einfaldlega verið sú að eftir því sem höfðingjar höfðu sterkara lið að baki sér gátu þeir lagt fram harðari kröfur.

Aðeins eitt veldur erfiðleikum fyrir þá kenningu að fall íslenska þjóðveldisins og innleiðingu (erlends) ríkisvalds megi skýra sem afleiðingu af átökum léns-

³Dæmin sem hér eru nefnd eru dregin úr Gunnar Karlsson, *Goðamening*, bls. 307-311.

⁴Jón Viðar Sigurðsson, *Frá goðorðum til ríkja* rekur þessa baráttu í yfirliti.

⁵Átökin um Ísland eru ekki sett í þetta samhengi í Sturlunga sögu, og það virðist móta viðhorf flestra sem síðar skrifa um þau. Þó tekur Einar Olgeirsson pláss í að rekja stuttlega átökin í Noregi út frá Marx/Engelskum forsendum sínum í *Ættasamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*, bls. 227-244.

⁶Jón Viðar Sigurðsson, *Frá goðorðum til ríkja*, bls. 79-80 bendir á að Noregskonungur hafi haft stjórn á öllum goðorðum landsins árið 1264.

⁷Jón Viðar Sigurðsson, *Frá goðorðum til ríkja*, bls. 122-126.

herra eða smáfursta, og það er vitnisburður Gamla sáttmála. Erfitt er að ímynda sér að almenningur á Íslandi hafi gert kröfur á borð við þær sem þar koma fram eftir að hafa kynnst valdstjórn stórgoðanna; þaðan af síður virðist hugsanlegt að stórhöfðingjarnir sjálfir, sem höfðu þegar varpað eldri stjórnskipan fyrir róða og bundist Noregskonungi tryggðarböndum teldu sig hafa rétt til þess. Þessi ein-kennilega staða er hinsvegar ekki eina vandamálið við Gamla sáttmála. Patricia Pires Boulhosa hefur sett fram og rökstutt þá kenningu að textinn sem við þekkjum sem Gamla sáttmála hafi verið saminn á 15. öld til nota í stjórnmaladeilum þess tíma.⁸ Sé þetta rétt er enginn tálmi eftir: Stjórnkerfi íslenska þjóðveldisins hrundi vegna þess að það stóð í vegi fyrir getu stórhöfðingjanna til að beita stjórnrænu öflunum, og norska konungsveldið blandaðist inn í baráttuna sem féll saman við lokatímabil borgarastríðs í Noregi. Í gegnum átökin styrkist nýr þjóðfélagshópur á Íslandi, hópur sem starfar við valdstjórnina. Hún festist svo endanlega í sessi með valdatöku konungs, sem gerist ekki á einum greinilegum tímamarki, heldur fer fram yfir langt tímabil sem nær frá a.m.k. 1241 til 1271.⁹

Ríkisvald yfir Íslandi verður til á þessum tíma, og sækir form sitt til Noregs. Hér er ekki um að kenna neinum landráðamönnum eða föðurlandssvikurum – aðeins sáraeinföldum hagsmunum valdsmanna.

2.2 Sjálfstæði?

Við getum svo spólað hratt og langt fram í tímann; eftir að hafa skoðað hvernig vald færðist úr landi, skoðum við hvernig það færðist aftur í landið. Skipulagið sem tók við þegar Noregskonungur fékk yfirráð yfir Íslandi hélst í grófum dráttum fram á nítjándu öld, í gegnum sameiningu við Danmörku, siðaskipti og einveldistöku: Embættismenn konungs fóru fyrir stjórnrænu öflunum, stjórnrænu tengsli fylgdu sama mynstri og í Danmörku og hagræna kerfið fékk fyrir mestan part að vera í friði, nema að því marki sem ríkisvaldið vildi nýta sér það til tekna. Nítjándu öldin markaði endalok þessarar þægilegu vanastöðu um víða veröld, og á Íslandi komst á kreik sú hugmynd að eyjan í Atlantshafinu ætti ekki að vera undir stjórn Dana.

Sjálfstæðisbarátta Íslendinga er gríðarlega ríkur hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar, og lykilatriði úr sögu þeirrar baráttu eru ríkur hluti af sögukennslu grunn- og framhaldsskóla landsins. Það er því vert að skoða nokkur einkenni á þess-

⁸Patricia Pires Boulhosa, *Gamli sáttmáli*.

⁹Fyrri árið er miðað við víg Snorra Sturlusonar, sem ástæða er til að ætla að sé sá atburður sem gefur konungi fyrst *beinan* valdagrundvöll á Íslandi, sbr. Gunnar Karlsson, *Goðamenning*, bls. 353-354. Síðara árið miðast við upptöku nýrrar lögbókar, *Járnsíðu*, sem staðfestir yfirráð konungs. Einnig mætti miða við upptöku *Jónsbókar*, áratug síðar, en frá þeim tíma hefur ekki farið fram heildarendurskoðun íslenskra laga.

ari baráttu sem ekki hefur verið haldið mikið á lofti. Guðmundur Hálfðanarson hefur bent á að margt við sjálfstæðisbaráttuna hafi borið mikil ummerki harðskeyttrar íhaldsstefnu, og að þjóðfrelsisáhuga þingmanna meginþorra 19. aldar megi sennilega rekja að nokkru til andstöðu þeirra við frjálslyndisumbætur danskra stjórnvalda.¹⁰ Þetta gefur tilefni til þess að íhuga hvort ekki megi endurskoða fylkingarnar sem vanalegt er að skipta mönnum í. Hefðbundna skoðunin er sú að hópar sjálfstæðissinna hafi tekist á við dansklundaða, og að framfarir Íslands á árunum 1850-1950 megi rekja til sjálfstæðisvilja þjóðarinnar. Ef við beitum greiningarlíkaninu sem lagt var fram í 1. kafla á samfélag seinni hluta 19. aldar fáum við fram eilítið ólíka mynd:

Hagræna undirstéttin samanstóð af eignalitlum búmönnum, vinnufólki, lausamönnum og þurrabúðarfólki. Fæstir úr þessum hópi höfðu teljanlegan áhuga á stjórnámálum; fæstir höfðu kosningarétt þegar hann var veittur. Hvert svo sem viðhorf þessa hóps var til sjálfstæðismálsins – ef hann þá hugsaði um það á annað borð, þá endurspegladist það ekki í stjórn mála-átökum samtímans.

Hagræna yfirstéttin var aftur á móti mestmegnis skipuð vel stæðum bændum, ásamt stöku kaupmanni og venslamönnum embættismanna. Meginhluti þessarar stéttar hafði kosningarétt, og talsverður hluti hennar nýtti sér kjörgengi sitt. Þessi stétt átti framfæri sitt undir því að hagrænu tengslin héldust að mestu óbreytt.

Stjórnræna yfirstéttin var aðallega skipuð embættismönnum, þeim sem komu að eða höfðu veruleg áhrif á setningu laga eða höfðu stefnumarkandi hlutverk um framfylgd þeirra. Hér má einnig telja menntamenn, sér í lagi þá sem sáu hlutverk sitt sem sérfræðingsvinnu viðkomandi löggjöf. Litlu skipti fyrir þessa stétt hvernig hagrænu tengslunum var háttað, en stöðu sína átti hún undir því að stjórnrænu öflin væru sterk.

Stjórnræna undirstéttin var smávaxin miðað við það sem víða þekkist, aðallega vegna þess að hér var enginn her. Til stjórnrænu undirstéttarinnar má engu að síður telja t.d. fangaverði og lögreglumenn, ásamt þeim sýslumönnum sem ekki teygðu sig inn á svið löggjafans.

Við skulum veita því athygli að strax út frá þessari skiptingu sést skiptingin sem Guðmundur Hálfðanarson vakti athygli á: Íhaldssemi hagrænu yfirstéttarinnar og kæruleysi þeirrar stjórnrænu gefur okkur strax leið til að útskýra af hverju sjálfstæðisbaráttan var upphaflega borin uppi af íhaldssamari aðilum:

¹⁰Sjá t.d. annan kafla bókar hans, *Íslenska þjóðríkið*.

Staða bænda var háð því að hagrænu tengslin héldust meira eða minna óbrjál-uð frá því sem var ríkjandi, nokkuð sem þeir gætu best tryggt með því að hafa sjálfir stjórn á því hvernig stjórnænu öflunum væri beitt. Öll umræða um að Íslendingar ættu að hafa forræði yfir eigin málefnum var því þeim að skapi, og í upphafi frelsisbaráttunnar var erfitt að sjá hvernig aðrir en bændur gætu orðið máttarstólpar á sjálfstæðu Íslandi. Þannig blandaðist saman þjóðfrelsisýn og íhaldssemi í samfélags- og efnahagsmálum.

Samhliða þessari skiptingu var önnur lítið tengd. Þetta var innri skipting stjórnænu yfirstéttarinnar. Hún skiptist gróflega í tvennt. Annars vegar var það nokkuð skýr hópur embættismanna með ríkum innbyrðis tengslum, sem hafði meira og minna farið með æðstu embætti Íslendinga í nokkrar kynslóðir. Hins vegar voru þeir sem komu utan þessara „aðalsætta”, fyrst og fremst í gegnum menntastöður eða lægri embætti.¹¹ Þessir tveir hópar áttu það sammerkt gegn hinum íhaldssamari að hafa hag af aukinni miðstýringu og öflugra ríkisvaldi; þeir áttu það enn fremur sammerkt að leitast eftir endurbótum í efnahagslífi landsmanna, jafnvel þó það tortímði bændasamfélaginu. En þá greindi á í mikilvægum atriðum: Sá síðarnefndi setti það ekki endilega fyrir sig þótt valdastaða embættismanna raskaðist, heldur sá það jafnvel sem markmið sitt.

Að baráttunni fyrir íslenskri stjórnarskrá ólastaðri, tel ég að hún hafi ekki haft afgerandi eða langvarandi áhrif á gerð ríkisvaldsins hér á landi. Öðru máli gegnir um stöðulögin, sem sett voru í samræmi við grunnlög Dana – þar með án samráðs við Alþingi – og kváðu á um að Ísland væri órofa hluti Danaveldis. Þremur árum síðar fylgdi svo stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, og þar með er jafnan talinn hefjast nýr kafli í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Frá því að stjórnarskráin tók gildi þar til heimastjórnin tók við 1904 var það að heita meginmarkmið Alþingis að breyta stjórnarskránni til samræmis við ákveðin sjónarmið. Þessi barátta skiptist eiginlega í þrjá kafla, sem má kalla endurskoðun, valtysku og heimastjórn.¹²

Þessi umskipti í átökunum endurspeglar breytingar á valdajafnvægi hópanna sem hér hafa verið nefndir. Fyrri breytingin, frá endurskoðun til valtysku, felst í því að hinir íhaldssömu bændur, hagræn yfirstétt landsins, misstu forráðin í hendur mennta- og embættismanna, stjórnænu yfirstéttarinnar, sem styrktu stöðu sína gagnvart öðrum valdakjöörnum. Lengst framan af er það bændastéttin sem hefur völdin í krafti yfirráða sinna yfir jörðum, sem meginþorri landsmanna var háður. Eftir því sem gamla þjóðfélagsskipunin riðlast breytist þetta

¹¹Hér má benda á Jón Sigurðsson forseta og Arnljót Ólafsson í „fyrsta hollinu” og Skúla Thoroddsen og dr. Valtý Guðmundsson í kringum aldamót 1900-1901.

¹²Um tilfærsluna milli endurskoðunarinnar, þar sem Benedikt Sveinsson fór fremst í flokki, og valtyskunnar, fjallaði Gunnar Karlsson í *Frá endurskoðun til valtysku*; ekki verður í fljótu bragði séð að sambærileg athugun hafi verið gerð á síðari skiptingunni, en Jón Þ. Þór fjallar þó að nokkru um hana í ævisögunni *Dr. Valtýr*.

jafnvægi, og með vaxandi þéttbýlismyndun eykst sjálfstætt vald embættismanna.¹³ Að endingu kemur að því að stefnur þeirra verða ráðandi; um það er valtýskan greinilegasta dæmið.

Margþvælt stjórnarskrárfrumvarp endurskoðunarsinna fór fram á nokkur lykilatriði: Meginkröfurnar voru að íslenskur maður hefði forræði yfir framkvæmdavaldinu, að hann hefði aðsetur á Íslandi, bæri ábyrgð á embættisfærslum sínum fyrir Alþingi, og brottfellingu konungskjörs til Alþingis. Öll þessi atriði miðuðu að því að vera völd inn í landið, og forsvarsmenn endurskoðunarsinna virðast lítið hafa leitt hugann að því hvort lýðræði jykist við breytingarnar.¹⁴ Endurskoðunarfrumvarp þetta var síðast borið fram á þingi 1895, en hlaut þá ekki samþykkt; í þess stað var samþykkt þingsályktunartillaga þar sem lagt var að stjórninni að leggja fram stjórnarskrárfrumvarp með með nokkru veikari kröfum en áður.¹⁵ Þessi breyting orsakaðist af því að fylking sem lengi hafði verið falinn minnihluti á þingi komst í aðstöðu til að láta til sín taka í kjölfar endurnýjunar á þingmannahópnum.¹⁶ Þessi fylking samanstóð af þeim sem ekki áttu hagsmuna að gæta af því að draga úr miðstjórnartilhneigingu danska ríkisins, heldur mátu mikilvægi nútímavæðingar í stjórnkerfinu mikils. Þeir sáu í henni, líkt og Jón Sigurðsson hafði áður gert, tækifæri litla Íslands til að verða fullgilt ríki með öllu sem því tilheyrði.¹⁷

Valtýskan, aftur á móti, slakaði *verulega* á kröfugerðinni. Í raun má segja að kröfurnar sem þar voru gerðar hafi aðeins fólgið í því að íslenskur maður yrði ráðherra, að hann kæmi til Alþingis, og bæri ábyrgð á embættisfærslum sínum gagnvart því. Um þessi atriði hafði þegar myndast sátt milli Valtýs Guðmundssonar, flutningsmanns frumvarpsins, og ríkisstjórnarinnar; landshöfðingja hafði verið fyrirlagt að staðfesta að þessar breytingar kæmu til greina.¹⁸ Fyrir flokki valtýinga fóru menn sem ekki töldu nauðsyn að rjúfa áhrif danska ríkisvaldsins á eins afgerandi hátt og endurskoðunarsinnar höfðu viljað. Forvitnilegust er eftirgjöf kröfunnar um að íslenskur ráðherra yrði búsettur á Íslandi – Reykjavík, nánar tiltekið. Það segir sig sjálft að ráðherra sem ekki yrði hluti af félagslífi efri stéttanna á Íslandi hefði ákveðið sjálfstæði frá henni, sem ráðherra úr hópi embættismannanna eða sem a.m.k. hrærðist á meðal þeirra hefði ekki. Þetta atriði virðist hafa sundrað skoðunum þingmanna aftur, og andstæðingar valtýskunnar urðu sundurleitir hópur. Þá sameinaði lítið annað en andstaðan við valtýsk-

¹³Sömu þróun bendir Guðmundur Hálfðanarson á, og nefnir „ósigur pólitískrar hugmynda-stefnu sem nefna má íslenska íhaldssemi”. *Íslenska þjóðríkið*, bls. 133.

¹⁴Gunnar Karlsson, *Frá endurskoðun til valtýsku*, bls. 24–29.

¹⁵Gunnar Karlsson, *Frá endurskoðun til valtýsku*, bls. 12–13, 17.

¹⁶Yfir helmingur þingmanna árið 1895 hafði ekki verið á þingi fyrir 1890. Gunnar Karlsson, *Frá endurskoðun til valtýsku*, bls. 49.

¹⁷Sjá Guðmund Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 85, 125.

¹⁸Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan*, bls. 77–78.

una, þó á ólíkum forsendum væri. Annars vegar var um að ræða stóran hluta endurskoðunarmanna, fulltrúa hagrænu yfirstéttarinnar, sem ekki þótti tillagan ganga nógu langt. Eðlilega; valtyðskan miðaði ekki að því að tryggja ríkjandi samfélagsskipan. Hins vegar voru það sitjandi embættismenn (og tengdir aðilar), sem sáu í nýju fyrirkomulagi hættuna á því að sjálfstæður valdakjarni gæti orðið til, óháður þeim sem fyrir var.¹⁹

Á þingi 1901 kom hinsvegar fram skýrari andstaða, með mótaðri áætlanir. Heimastjórnarflokkurinn lagði fram sína eigin tillögu. Í þeirri tillögu fólst að skipaðir skyldu tveir ráðherrar, annar í Reykjavík og hinn í Kaupmannahöfn. Ætlunin var sú að ráðherra í Kaupmannahöfn þjónaði sem einskonar fulltrúi þess í Reykjavík, og sinnti vanabundnum eða áríðandi skylduverkum þar. Reykvíski ráðherrann ætti að höndla öll mikilvægari málefni sjálfur.²⁰ Dagljóst var að slíkt frumvarp hlyti ekki samþykkt konungs; lyktir urðu þær að valtyðskan var samþykkt. En þá er ekki allt talið: Stjórnarskipti í Danmörku ollu því að allt umhverfið breyttist, og íslenskur ráðherra á Íslandi gat orðið að veruleika. Stjórnarfrumvarp á þingi 1902 þess efnis var samþykkt, og íslenskur Íslandsráðherra í Reykjavík var á endanum skipaður: Hannes Hafstein, heimastjórnarmaður – og rammlega innmúraður fulltrúi „klíkunnar”.²¹

Sundurleitni andstæðinga valtyðskunnar til að byrja með skýrist þannig með því að gerólíkar ástæður lágu að baki andstöðunni. Hagræna yfirstéttin þurfti að krefjast fullra yfirráða til að sporna við breytingum sem hún taldi óæskilegar; henni var ómögulegt að ganga til liðs við valtyðskuna. Stjórnæna yfirstéttin var hinsvegar ekki beinlínis mótfallin valtyðskunni, en þurfti einhverja ráðstöfun til að geta haldið ítökum sínum. Tilviljun ein réði því að embættismönnum gafst færi til að koma slíkri ráðstöfun við og setja um leið eigin fulltrúa í sætið.²² Það er hinsvegar greinilegt að eftir að valtyðskan kom fram kom ekki til greina að halda gamla samfélagsskipulaginu við.

Þjóðerniskenndina, og styrk hennar, hjá hinum ýmsu aðilum í þessari sögu má rekja til stjórnskipulegrar sérstöðu Íslands og afstöðu þátttakendanna til ríkisvaldsins. Þjóðernishyggjan var sterkust hjá þeim sem áttu mestan hag af því að taka stjórnartaumana í eigin hendur: Hagrænu yfirstéttinni sem þannig hefði getað reynt að bjarga eigin stöðu, og þeim hluta stjórnæna yfirstéttarinnar sem þannig gat komið í veg fyrir að utanaðkomandi færu að skipta sér af málunum. Ríkið skilgreinir þjóðina, og síðan er það „ríkið sjálft sem kenn[ir] Íslendingum

¹⁹Sjá umræðu í Gunnar Karlsson, *Frá endurskoðun til valtyðsku*, bls. 127-128

²⁰Björn Þórðarson, *Alþingi og frelsisbaráttan*, bls. 92-93.

²¹Valtýr Guðmundsson rakti í sendibréfi vensl Hannesar við ýmsa embættismenn; ekki fer hjá því að þau tengsl, á móti ættleysi Valtýs og mótþróa ýmissa félaga hans – Skúli Thoroddsen kemur sérstaklega upp – virðist hafa getað skipt sköpum. Jón Þ. Þór, *Dr. Valtýr*, bls. 232-234.

²²Hér er vert að vekja athygli á því að líkanið í fyrsta kafla er einungis til greiningar á almennum tilhneigingum, en getur ekki útskýrt atburði eða nákvæmar niðurstöður.

að tryggðin við þjóðina [sé] öllum tilfinningum æðri.”²³

Á sama tíma og deilur þingmanna tóku fastmótaðri mynd var ný skynjun á íslensku þjóðinni að mótast. Þetta var skynjun lausráðins verkafólks, bæði til sjávar og sveita – en þó sýnu skýrari meðal þeirra sem bjuggu í þéttbýli. Ólíkt gömlu þjóðarmyndinni, sem stóð að baki sjálfstæðisbaráttunni mestanpart nítjándu aldar og fjallað er um hér að ofan, lagði sú nýja áherslu á að „litla fólkið” eins og það hefur verið kallað ætti einnig hlutdeild í þjóðinni; að fólk hefði einnig tilkall til þess að láta í sér heyra, þó það færi ekki fyrir búi.²⁴ Þessi hugmynd, sem litla fólkið deildi að talsverðu marki með embættismannastéttinni, rekur rætur sínar til þess hlutverks sem ríkinu er ætlað í nútímasamfélagi. Aukin áhrif þessara tveggja hópa eru því, má segja, endanleg sönnun þess að hugmyndafræði frjálslyndra miðstýringarsinna hafi sigrað íhaldssama dreifstjórnarhyggju, svo stuðst sé við skiptingu Guðmundar Hálfðanarsonar.²⁵

Þessi sigur leiddi hinsvegar til þess að pólitísk átök innanlands hertust um allan helming. Tilfærsla framkvæmdavalds til Íslands og innleiðsla þingræðis þýddu að stjórn málaátök innanlands gátu haft áhrif á beitingu stjórnarænu aflanna. Afleiðingin varð sú að meginþunginn færðist frá átökum íslendinga við dönsku stjórnina yfir í innbyrðis átök ólíkra hópa íslensku yfirstéttarinnar – og á endanum átök fulltrúa undirstéttarinnar við hina.

²³Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 133-134.

²⁴Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, 1. kafli rekur allnokkur dæmi um þessa vakningu.

²⁵*Íslenska þjóðríkið*, bls. 126-127.

Kaflí 3

Sjálfhelda stjórnmálanna

Íslensk stéttastjórnmál mótuðust á sama tíma og áhrif stjórnléysingja voru hvað mest í verkalýðshreyfingum Evrópu (og víðar). Þrátt fyrir þetta verður ekki séð að anarkistar hafi skilið nein spor að ráði eftir sig á Íslandi. Þetta hefur hingað til ekki þótt sæta undran, og ég tel að ástæða þess sé náskyld ástæðunni fyrir því að anarkistar áttu óhægt um vik á Íslandi.

Fyrst ber að nefna afleiðingar þess að stéttastjórnmál á Íslandi koma til á svo að segja sama tíma og yfirstjórn ríkisvaldsins færir inn í landið. Aðeins fjórtán ár líða milli heimastjórnar og fullveldis, og stjórnmálaflokkar stéttastjórnmálanna verða til tveimur árum fyrir fullveldið. Í íslenskum stjórnmálum var því engin hefð fyrir því að líta á ríkisvaldið sem sjálfstæðan þátt, heldur var endanleg, formleg færsla ríkisvaldsins inn í landið helsta áhersla stjórnmálanna; takmark frelsisbaráttunnar sem markaði ramman utan um þjóðernishugmyndir Íslendinga. Í öðru lagi, en nátengt því fyrra, er hve mjög hugmyndir stéttaflokkanna mörkuðust af því að yfirráð yfir ríkinu væru mikilvægasta markmiðið, og þröngar skilgreiningar þeirra á skjólstæðingum sínum. Í þriðja lagi verður svo að taka tillit til þess að þegar fullveldi loks var unnið hafði bolsévisminn unnið hylli allflest ra róttæklinga.¹ Í sameiningu held ég að þessi atriði hafi skotið loku fyrir það að stjórnléysingjar gætu náð hér hylli. Talsvert hefur verið fjallað um alþjóðleg áhrif bolsévikka eftir rússnesku byltinguna. Ragnheiður Kristjánisdóttir hefur einnig gert erfiðleikum íslenskra sósíalísta gagnvart sjálfstæðisbaráttunni ágætis skil í *Nýtt fólk*; ekki þarf að fjölyrða um erfiðleika þess fyrir anarkista að ekki einasta slá umræðunni á frest, heldur að sannfæra fólk um það að sambandslit væru tálvon og að í stað danskra kúgara myndu koma íslenskir. Ég beini því athyglinni að öðru atriðinu í þessari upptalningu, því þó allnokkuð sé til af efni

¹Bolsévikkar tóku sér ekki titilinn 'kommúnistar' fyrr en 1921, nokkru *eftir* að þeir höfðu öðlast ráðandi stöðu meðal sósíalískra byltingarsinna. Ennfremur er nauðsynlegt að muna að þeir voru langt frá því eini hópurinn sem gerði tilkall til kommúnistaheitisins.

um það, er áherslan önnur.

3.1 Samherjar eða andstæðingar?

Alþýðuflokkur og Framsóknarflokkur voru lengi elstu stjórnmálaflokkar landsins, en báðir voru stofnaðir árið 1916. Má kalla það upphaf íslenskra stéttastjórnmála, þó hreyfingarnar sem stóðu bakvið þessa flokka hafi þá þegar staðið á nokkuð traustum grunni. Segja má að Alþýðuflokkur hafi verið pólitískur armur verkalyðshreyfingarinnar, en Framsóknarflokkur samvinnuhreyfingarinnar.² Til að byrja með var talsvert samstarf milli þessarra flokka, en það minnkaði mjög eftir því sem á leið. Ýmsar skýringar má finna á þessu samstarfi, allt frá persónulegri vináttu fyrimanna til kaldra kosningahagsmuna.³ Allar þessar skýringar gera þó ráð fyrir að það sé *samstarf* flokkanna sem þarfnist skýringar, en ekki sundurleitni þeirra síðar. Þetta þarf ekki að vera tilfellið.

Út frá ríkiskenningunni sem hér hefur verið sett fram má færa rök fyrir því að það hafi einmitt verið eðlilegasta ráðstöfunin að þessir flokkar störfuðu saman. Hagrænu öflin eru, samkvæmt henni, kerfisbundið arðrænd til að greiða fyrir uppihald stjórnarænu aflanna og yfirstéttanna beggja. Það er því öllum framleiðendum í hag að halda svo mjög gegn kröfum þessara afæta sem þeir mest mega.⁴ Það er því engin ástæða til að ætla annað en að hreyfingar sem miða að því að styrkja stöðu ólíkra hluta framleiðendanna starfi saman að því marki að hindra arðránið. Og ekki verður annað séð en að íslensku stéttaflokkarnir hafi reynt þetta í upphafi, og þetta virðist hafa verið stefna bæði Ólafs Friðrikssonar⁵ og Jónasar Jónssonar frá Hriflu.⁶ Þó ekki sé bein samsvörun, er freistandi að líta svo á að samstarfsvilji flokkanna fjari með áhrifum þessara frumherja. Það er greinilegt að hefðbundnari Marxísk túlkun verður ríkjandi innan Alþýðuflokksins með tímanum, en hún leggur áherslu á sérstöðu öreigastéttarinnar og baráttu fulltrúa hennar fyrir forráðum yfir ríkisvaldinu – stjórnarænu öflunum. Tilkoma skipu-

²Ég vil leggja áherslu á þetta atriði: Framsóknarflokkurinn varð *ekki* til sem bændaflokkur, síst af öllu í þeim skilningi sem notaður var hér að ofan. Ákveðnar leifar af gamla sveitasamfélaginu endurspegluðust e.t.v. lengur þar en í öðrum hlutum þjóðfélagsins, en vert er að hafa um það eftir varnaðarorð Guðmundar Hálfðánarsonar, sem hafði þau um Jónas frá Hriflu: „Hér [er] einfaldlega um viðtekna skoðun að ræða sem átti sér djúpar rætur í uppeldisviðhorfum Íslendinga”. (*Íslenska þjóðríkið*, bls. 157.)

³Sambandið er reifað lauslega, frá sjónarhóli Alþýðuflokks, í Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 140-147.

⁴Smáborgarastétt Marx, þ.e. þeir sem eiga framleiðslutæki sjálfir en vinna við þau sjálfir, teljast til framleiðendanna í þessu skema; í þessum flokki lentu bændur endanlega á 20. öld.

⁵Sjá t.d. Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 83-87.

⁶Sjá t.d. Guðmundur Hálfðánarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 157-158. Það vekur athygli að báðir þessir menn urðu fyrir áhrifum af þriðja íslendingnum, Guðjóni Baldvinsyni sem dó langt fyrir aldur fram sem barnaskólakennari á Ísafirði. Sjá Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 81.

lagðra kommúnista á Íslandi festir þessa þróun svo enn frekar í sessi. Á sama tíma þróast Framsóknarflokkurinn í þann einbeitta miðjuflokk sem er kunnuglegur á lýðveldistímanum, þó lengi sitji daufar leifar félagshyggjunnar sem hann lagði upp með.

Í þessu leynist vísbending um orsakir þess að leiðir skildi jafn rækilega og sagan sýnir. Samkvæmt réttum Marxískum fræðum var Alþýðuflokkurinn ekki flokkur allra framleiðenda, heldur flokkur öreiganna. Hans raunverulegu markmið samkvæmt því áttu að vera hraðfara iðnvæðing íslensks samfélags, einörð vörn fyrir verkafólk í þéttbýli og andstaða gegn ríkjandi hugmyndum um mikilvægi landbúnaðarins. Og með sambærilegum stéttvísnum skilningi var það hlutverk Framsóknar að verja landbúnaðinn gegn ásókn bæjanna og tryggja áhrifastöðu hinna dreifðu byggða. Þessi þrönga stéttvísi vann sigur á víðtækari samstöðukenningu, en af hverju?

Auðvitað eru fjölmargir þættir sem að endingu hafa áhrif – en mér þykir freistandi að benda á annað atriði í ríkiskenningunni sem hér hefur verið sett fram þessu til skýringar. Löggjafinn er hluti af stjórnrænu tengslunum, ásamt meginhluta embættismannakerfisins; starfsemi hans er því háð því að áfram verði hægt að knýja framfærslu stjórnrænu aflanna og stjórnrænu og hagrænu tengslanna. Það gefur auga leið að þátttaka stjórnmalaflokka í pólitíska leiknum og vilji þeirra til að beita ríkinu sem tæki klýfur hollustu þeirra ef hún færir ekki alfarið til. Með því að gera flokkinn að fulltrúa stéttarinnar í ríkisvaldinu, í stað baráttutækis gegn öllu arðráni er hægt að leika tveimur skjöldum; annars vegar er vissulega unnið fyrir hagsmunamálum skjólstaðinga flokksins í gegnum áhrif flokksins á ríkisvaldið, en hins vegar gerist hann sekur um þátttöku í arðráninu. Skýrt samstarf landbúnaðar- og verkamannaflokka gerir báðum þetta ómögulegt, því hagsmunir þeirra þröngt skilgreint eru of ólíkir til að um þá myndist samstaða – og starfi þeir saman á breiðum grunni grafa þeir undan arðráninu, forsendu þess að stjórnrænu tengslin (sem flokkarnir eru orðnir hluti af) geti starfað.

3.2 Anarkistaleyssi

Þessir þættir í sameiningu: áherslan á mikilvægi aðskilnaðar við Danmörku umfram aðrar breytingar, kerfisbundin uppskipting „litla fólksins“ í ólíkar og stundum andstaðar fylkingar, og að lokum tilvist bolsévikka sem andófskosti gegn sósíaldemókrötum, nægja til að útskýra af hverju stjórnleysingar voru útilokaðir frá íslenskri orðræðu. Í grundvallaratriðum er um að ræða óheppilega tímasetningu: Íslenska verkalýðshreyfingin varð til á sama tíma og íslensk átakastjórnmal, og vonin um að sjálfstætt Alþingi og íslenskt framkvæmdavald geti komið verulegum umbótum í gegn var sterk. Það var því lítill grundvöllur fyrir þann

málflutning anarkista að framleiðslustéttirnar þyrftu að taka sig saman í andlitinu og vinna til að rétta hlut sinn, burtséð frá öllum stórpólitískum spursmálum. Það er þó ekki þar með sagt að anarkismi hafi verið óþekktur á Íslandi, eða jafnvel að áhrif hans hafi engin verið. Þegar hefur verið bent á að ekki er laust við að örlað hafi fyrir hugmyndum anarkista, en auk Ólafs Friðrikssonar og Hriflu-Jónasar þykir einsýnt að Benedikt Jónsson á Auðnum hafi haft eitthvað veður af anarkískum hugmyndum.⁷ Enginn þeirra var þó beinlínis anarkisti, og engin anarkistahreyfing komst af stað hér á landi. Þetta var að vissu leyti óheppileg tíma-setning, því það vildi svo til að ofantöldu atriðin þrjú voru meginstef íslenskra stjórn mála u.þ.b. frá aldamótum fram til 1920 eða svo. Ástandið þennan tíma var því þannig að íslensk samfélagsgerð féll vel að hugmyndum anarkista, en samfélagið var engan veginn heppilegt fyrir áróður þeirra. Vilhelm Vilhelmsson hefur rannsakað umfjöllun um anarkisma og anarkista í íslenskum miðlum yfir tímabilið frá því um 1890 fram til 1940. Þar má sjá ýmislegt áhugavert, meira en búast mætti við að óskoðuðu máli, en engu að síður er niðurstaðan sú að áhrif anarkista hafi verið hverfandi og umfjöllun um þá og málstað þeirra yfirgnæfandi neikvæð.⁸

Engu að síður er hægt að finna forvitnilega hluti í þessari umfjöllun. Valtýingablaðið *Ísafold* var til dæmis með jákvæðari aðilum gagnvart stefnunni, hugsanlega af því að það byggir mynd sína á rússneska furstanum Pjotr Kropotkin, sem jafnframt því að vera einn þekktasti anarkisti heims um þetta leyti var mikils metinn land- og jarðfræðingur.⁹ Svo virðist raunar sem Kropotkin hafi verið helsti tengiliður Íslendinga við stjórnleysisstefnuna: Ólafur Friðriksson, Benedikt á Auðnum og Guðjón Baldvinsson sýna allir þess merki að hafa kynnt sér hugmyndir hans, og Einar Olgeirsson mun hafa lesið bók hans um samhjálp í dýra- og félagslífinu.¹⁰ *Sjálfsævisaga byltingarmanns* eftir Kropotkin er einnig eina meiriháttar verk stjórnleysingja sem þýtt hefur verið á íslensku. Þetta mikilvægi Kropotkin kann að útskýra það að samvinnuhreyfingin virðist hafa verið frjóasti vettvangur anarkískra hugmynda á Íslandi.¹¹

Sömu atriði og skýra skort á anarkistum geta líka skýrt hversu fáir hafa undr-

⁷Vilhelm Vilhelmsson, „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar““, bls. 16-17.

⁸Vilhelm Vilhelmsson, „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar““, bls. 25.

⁹Vilhelm Vilhelmsson, „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar““, bls. 6. Reglur um umritun úr rússnesku hafa lengi verið óljósar í íslensku; nafn Петр Алексеевич Кропоткин er borið fram Pjotr Alexeijitsj Krapotkín, og var stuðst við þann rithátt framan af. Í dag er vanalegra að styðjast við umritun, og því verður ritháttur nafnsins sá sami á íslensku og ensku: Kropotkin.

¹⁰Herbert Snorrason, „Guðjón Baldvinsson“, bls. 4; Vilhelm Vilhelmsson, „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar““, bls. 7, 12-13, 15. „Ritgerð um anarkista eftir rússneska fursta“ (bls. 7) getur ekki átt við neinn annan en Kropotkin.

¹¹Vilhelm Vilhelmsson tekur víðtækar samvinnureksturshugsjónir Benedikts á Auðnum sem dæmi um líkindin milli skoðana hans og anarkista í „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískyggilegar““, bls. 8-9.

ast á anarkistaþurrð Íslands. Áhersla á mikilvægi stjórnskipunarmála á heima-
stjórnartímanum – sem náði í raun ekki langt út fyrir þing nema kannski í átök-
unum um Uppkastið – dregur að nokkru hulu fyrir pólitíska merkingu féлага-
starfsins sem sprakk út á þessum tíma. Menn líta gjarnan á annað tímabil til við-
miðunar, og því kemur mikilvægi syndikalista í evrópskri verkalýðshreyfingu á
þessum tíma ekki inn í myndina; engu að síður þykir ekki sæta furðu að á Íslandi
hafi verið stofnaður sósíaldemókratískur flokkur tveimur árum eftir að annað
alþjóðasambandið leystist upp í stríðsákafa. Áköf þátttaka flokkanna í því sem
urðu hefðbundin íslensk stjórnsmál gerði það svo að verkum að þröng skírskotun
þeirra og hagsmunaárekstrar virðist eðlileg, jafnvel óhjákvæmileg. Að endingu
vita allir að vinstri-róttæklingar námu ekki land á Íslandi fyrr en með Stefáni
Pjeturssyni, Brynjólfi Bjarnasyni og Einari Olgeirssyni ...var það ekki?

Kaflí 4

Samantekt

Hugmyndir um hlutverk og eðli ríkisvalds eru fjölbreyttar, og hafa talsverð áhrif á túlkun manna á öðrum atriðum í samfélagsgerðinni. Á Íslandi hefur jafnan verið gengið út frá kenningum frjálslyndra um ríkisvaldið, með smávægilegri skvettu af Marx inn á milli. Ég hóf ritgerðina á því að leggja fram drög að annarri kenningu, kenningu sem byggir að miklu leyti á hugmyndum stjórnleysingja. Þessi kenning gerir ráð fyrir því að samfélagsþróunin ráðist að mestu af hagsmunum ríkisins. Hún segir að þróun samfélagsins muni líklegast stefna í þá átt sem treystir stöðu valdstjórnarinnar best. Ég reyndi síðan að færa rök fyrir því að bæði valdataka Noregskonungs í kjölfar borgarastríðs Sturlungaaldar og sigur málamiðlunartillögu Valtýs Guðmundssonar í stjórnarskrármálinu hafi verið dæmi um þessa þróun. Átök valtyssku og Heimastjórnar eru hinsvegar til dæmis um innbyrðis átök ráðamanna, og varpa ljósi á vanmátt kenninga til að útskýra alla þróun. Ennfremur held ég því fram að upphafssaga stéttastjórn mála á Íslandi sé að vissu leyti skiljanlegri í ljósi þeirrar kenningar sem hér er byggt á, og að minnkandi samvinna Alþýðu- og Framsóknarflokka varpi ljósi á þær tilhneigingar í íslensku stjórn mála lífi sem gerði anarkistum erfitt fyrir.

4.1 Um ríkisvald

Kenningin sem hér er lögð fram um ríkisvaldið gerir ráð fyrir að hægt sé að skipta aðilum í samfélaginu í fjóra flokka. Þessir flokkar eru hagræn öfl, stjórn ræn öfl, hagræn yfirstétt og stjórn ræn yfirstétt. Á milli afla og yfirstétta eru tengsl, fyrirkomulag sem gerir yfirstéttunum kleift að hafa stjórn á því hvað öflin gera. Yfirstéttirnar hafa almennt séð hag af því að stjórn rænu öflunum sé beitt til þess að styrkja ríkjandi tengsl, og að stjórn rænu öflin séu sem styrkust. Stjórn rænu öflin hafa þannig einnig hag af því að styrkja ríkjandi fyrirkomulag. Samfélag með ríki leitast við að ná þessu jafnvægi, en það verður að sjálfsögðu aldrei fullkom-

ið. Breytingar á stöðu ýmissa aðila geta raskað jafnvægi kerfisins, með tilheyrandi óróa og umbyltingum, en það finnur sér nýtt jafnvægi; með þessum hætti er hægt að gera grein fyrir bæði hægfara tilhneigingum ríkisvaldsins í ákveðnar áttir, svo og útskýra kerfisbundna þætti sem unnu með eða á móti tilteknum umbyltingaröflum.¹

4.2 Um þróun íslenska ríkisins

Íslenska ríkið á rætur sínar í valdatöku Noregskonungs á landinu í kringum 1260. Ég legg hér áherslu á að þessi valdataka fór fram á löngum tíma, og stjórnaðist að miklu leyti af kerfisbundnum þáttum sem íslenska stjórnskipanin átti sam-eiginlega með lénsfyrirkomulagi Evrópu. Mestu skiptir að stjórnræn og hagræn yfirstétt var allt að því óaðgreinanleg, og að stjórnræna yfirstéttin fór með forráð yfir stjórnrænu öflunum í eigin nafni, beint. Þetta leiðir af sér óstöðugleika í ríkisforminu og ítrekaðar sveiflur milli miðstýringar og dreifstýringar. Þegar íslenska þjóðveldið leitaði til valdasamþjöppunar gátu innlendir aðilar ekki unnið sigur á keppinautum sínum án utanaðkomandi aðstoðar, og þeir leituðu á náðir Noregskonungs. Afskipti Noregskonungs tryggðu síðan tilvist stjórnrænna afla til frambúðar.

Jafnvægið sem þannig hafði náðst á Íslandi hélst í grófum dráttum lítt raskað fram á miðja 19. öld. Hagsmunir hagrænu og stjórnrænu yfirstéttanna tóku þá að skiljast að, og uppbygging stjórnrænu aflanna varð í vaxandi mæli háð því að gengið væri gegn hagsmunum hagrænu yfirstéttarinnar. Þessi átök endurspegluðust í deilum Alþingis við dönsku stjórnina og andúð bænda gegn embættismönnum. Skammt var í þjóðernisrök, og svo að segja út 19. öldina beitti hagræna yfirstéttin þeim til að reyna að verjast umbyltingu. Slík umbylting var hinsvegar óhjákvæmileg, og snúningurinn varð rétt um aldamót 19. og 20. alda. Misjafnar fylkingar innan stjórnrænu tengslanna tókust þá á um yfirráð, og tilviljun ein réði þar úrslitum. Með iðnvæðingu íslensks samfélags mótaðist ný hagræn yfirstétt, og með upptöku þingræðis varð Alþingi að tæki sem ólíkir hagsmunir deildu um til að hafa áhrif á framkvæmdavaldið. Deilur þingmanna tóku því að snúast um hlutdeild í íslenskri stjórn.

Stéttaflokkarnir, sem stofnaðir höfðu verið sem málsvavar hagrænu aflanna, blönduðust inn í þessa baráttu og urðu fljótlega óaðskiljanlegur hluti af stjórnrænu tengslunum. Þetta nýja jafnvægi hefur í grófum dráttum haldist fram á daginn í dag, og tilhneiging okkar til að skynja umhverfi okkar sem sjálfsagt leiðir til þess að við leitumst við að útskýra það sem er ólíkt í fortíðinni, en þykir það sem er líkt ekki einkennilegt.

¹Þó það sé látið ógert hér, má beita líkaninu til að varpa skýru ljósi á kerfisbundna þætti sem unnu með frönsku byltingarmönnum, bolsévikkum og ýmsum sjálfstæðishetjum.

4.3 Um stjórnleysingjaskort

Samkvæmt þessu átti stjórnleysisstefna litla lífsvon á Íslandi vegna þess að hér var lítil sem engin reynsla af beinum afskiptum ríkisvaldsins. Innanlandspólitík var að stíga sín fyrstu skref á mótunarárum verkalýðshreyfingarinnar, sem þar að auki horfði fyrst og fremst til Danmerkur og Þýskalands, tveggja landa þar sem sósíaldemókratar höfðu sterka stöðu en stjórnleysingjar varla fótfestu. Reynsla Alþýðuflokksins af því að ýta þjóðernismálefnum til hliðar sýnir hversu erfitt það var, og anarkistar hefðu þurft að ganga skrefinu lengra. Þegar þessu „reynslutímabili“ lauk höfðu svo bolsévikkar tekið við af anarkistum sem hinn róttæki armur vinstrihreyfingarinnar. Anarkistaskortur Íslands virðist því stafa af röð óheppilegra tímasetninga. Málflutningur þeirra féll aldrei saman við íslenska orðræðu, og ekkert færi gafst til að koma anarkískum hugmyndum á framfæri við útbreiddan hóp.

Heimildir

Heimildaskrá er hér skipt í tvo hluta, og á sá fyrri við verk kennilegs eðlis sem stuðst er við í uppsetningu ríkiskenningarinnar í fyrsta kafla. Síðari hlutinn tilgreinir verk sem fjalla um atriði í sögu Íslands sem fjallað er um í síðari hlutanum. Ástæða er til að taka fram að hér eru fjarri því öll verk sem koma viðfangsefninu við; hvorki að því er varðar kenningar stjórnleysingja um ríkisvald, né heldur þau atriði í þróun íslenska ríkisvaldsins sem þær gætu varpað ljósi á.

Kenning

Anderson, Benedict. *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. Revised Edition. London: Verso, 2006.

Carter, Alan. "Analytical Anarchism: Some Conceptual Foundations". *Political Theory* 28:2 (2000): 230–253.

von Clausewitz, Carl. *Hinterlassene Werke des Generals Carl von Clausewitz über Krieg und Kriegführung*. Fyrsta bindi. Berlin: Ferdinand Dümmler, 1832.

Oppenheimer, Franz. *The State*. Montréal: Black Rose Books, 2007.

Taylor, Michael. *Community, Anarchy & Liberty*. Cambridge: Cambridge University Press, 1982.

Weber, Max. *Politik als Beruf*. Geistiges Arbeit als Beruf. Vier Vorträge vor dem Freistudentischen Bund. Zweiter Vortrag. München: Duncker & Humblot, 1919.

Ísland

Björn Þórðarson. *Alþingi og frelsisbaráttan 1874–1944*. Reykjavík: Alþingissögunefnd, 1951.

Boulhosa, Patricia Pires. *Gamli sáttmáli: Tilurð og tilgangur*. Már Jónsson þýddi. Reykjavík: Sögufélag, 2006.

Einar Olgeirsson. *Ættasamfélag og ríkisvald í þjóðveldi Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla, 1954.

- Guðmundur Hálfðanarson. *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endimörk*. Íslensk menning. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2001.
- Gunnar Karlsson. *Frá endurskoðun til valtyisku*. Sagnfræðirannsóknir 1. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1972.
- Gunnar Karlsson. *Goðamening: Staða og áhrif goðorðsmanna í þjóðveldi Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla, 2004.
- Herbert Snorrason. „Guðjón Baldvinsson”. Óprentuð áfangaritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík, 2008.
- Jón Viðar Sigurðsson. *Frá goðorðum til ríkja: Þróun goðavalds á 12. og 13. öld*. Sagnfræðirannsóknir 10. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1989.
- Jón Þ. Þór. *Dr. Valtýr: Ævisaga*. Akureyri: Bókaútgáfan Hólar, 2004.
- Kropotkin, Pjotr A. [sem Krapotkín fursti]. *Sjálfsævisaga byltingarmanns*. Kristín Ólafsdóttir þýddi. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1942.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir. *Nýtt fólk: Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnsmál 1901-1944*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008.
- Vilhelm Vilhelmsson. „„Atfarir þeirra [eru] í hæsta máta ískeyggilegar”: Umfjöllun um anarkisma í íslenskum fjölmiðlum og áhrif stefnunnar á Íslandi 1885-1940”. Óprentuð námsritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands. Reykjavík, 2009.

Ritgerðin er letursett í 12 punkta Gentium með Xe_{La}TeX. Einnig er notast við Andika Basic, Computer Modern og Essays1743. L^AT_EX 2_ε frumskjalið var unnið í EMACS. Alfarið unnið með frjálsum hugbúnaði og frjálsum leturgerðum.

Вся власть советам!